

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 27. apríl 2021
UST202104-190/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hóls- og Skarðsdalur – útivistarsvæði. Umsögn


Vísað er til bréfs Fjallabyggðar dags. 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulögð er ný náma á skíðasvæðinu í Skarðsdal þar sem ráðgert er að taka um 28.000 m³ á um 1 ha svæði. Efnið verður notað í endurbætur á efsta hluta Skarðsvegar og bílastæði. Kröfur eru í deiliskipulaginu um frágang svæðisins að efnistöku lokinni sem miða að því að sjónræn áhrif efnistökkunnar verði sem minnst.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið, en vill benda á að æskilegt væri að nánari lýsingar á frágangi námunnar m.t.t. landmótunar væri að finna í skilmálum skipulagsins þannig að ekki væri nokkur vafi á æskilegu útliti svæðisins að frágangi loknum.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur